

Dagskrá 63. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn í stofu 303 þann 30. september 2019, kl. 13:00-16:50.

Þessir fulltrúar sátu fundinn:

Laufey Skúladóttir, fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytis,
Ingibjörg Sigurðardóttir, fulltrúi háskólafundar HH,
Jón Eðvald Friðriksson, fulltrúi tilnefndur af 5 manna háskólaráði,
Stefán Óli Steingrímsson, fulltrúi háskólafundar HH,
Sveinn Margeirsson, fulltrúi tilnefndur af 5 manna háskólaráði,
Gunnlaugur Bjarnason, fulltrúi nemenda Háskólans á Hólum.
Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum.

Dagskrá:

1. Sjálfsmatsskýrsla Háskólans á Hólum.
2. Námsreglur framhaldsnáms Háskólans á Hólum.
3. Önnur mál.

Dagskráin var borin upp til samþykktar og fundargerð síðustu fundar var samþykkt.

Ritari fundar var Sigríður Sigurðardóttir.

Gengið til dagskrár.

1. Sjálfsmatsskýrsla Háskólans á Hólum.

Vinna við sjálfsmatsskýrslu fyrir Háskólann á Hólum (framvegis skráð HH) er langt komin. Fimm nemenda hópur og tíu starfsmenn hafa komið að og lesið skýrsludrögin og er stefnt að því skila henni kl. 10 þann 10. sept. n.k. Í framhaldinu mun nefnd skipuð af gæðaráði íslenskra háskóla sækja háskólann heim og kynna sér starf háskólans í þriggja daga heimsókn 19-21 nóvember.

- Mál manna var að uppsetning skýrslunnar væri jafn flókin og innihald hennar og að hún yrði að vera eins einfaldlega uppsett og skýr og unnt er. Til þess að auðvelda lestur hennar kom fram ábending um að setja kynningar á hverjum kafla skýrslunnar fremst í hana og telja upp styrkleika og sérhæfingu skólans fremst í hverjum kafla. Viðbrögð við ábendingum, sem eru í þriðja kafla hennar, mætti færa aftar.
- Bæta við myndrænum framsetningum, s.s. í kafla 2.1 í stað upptalningar. Þá væri hægt að teikna upp hverjum skólinn þjónar til að sýna fram á sérstöðu hans og efnahagslegt og samfélagslegt gildi og hlutfall rannsóknarstyrkja í sértekjum, með myndrænum hætti og benda á að sértekjur eru óvenju hátt hlutfall af rekstri skólans miðað við aðra opinbera háskóla.
- Erlendir gestaprófessorar hafa bent á að vegna smæðar sinnar nær skólinn fram gæðum á heimsmælikvarða í rannsóknum sínum. Mætti það koma fram í skýrslunni?
- Í skóla á stærð við Háskólann á Hólum felst styrkleiki í afar ólíkum kennsluáðferðum eftir greinum og deildum. Lykillinn að þeirri velgengni er hvernig deildirnar eru þróaðar, hver með sína möguleika og út frá þeim. Styrkleikinn liggur í fjölbreytninni.

- Benda mætti á samfélagslegt mikilvægi skólans t.d. gagnvart fólksfjöldaþróun á landssvæðinu (sjá Norðurland vestra í grænbók um þróun sveitarfélaganna, á [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1375](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1375)).
- Í framhaldi ræddu fulltrúar kynningarmál skólans og að hann mætti gjarnan kynna sig betur, vera meira áberandi en hann er. M.a. nýta samfélagsmiðla til að geta alltaf allra viðburða sem háskólinn stendur fyrir eða tengist og hvernig námið nýtist. Fyrir nemendur skiptir máli að nám þeirra sé haft í metum og því sé komið á framfæri.

2. Námsreglur Háskólans á Hólum.

Verklegt meistaranám við skólann hefur verið skilgreint sem 60-90 eininga nám en sú breyting verður gerð að bætt verður við 30 eininga verkefnum svo að það rými við kröfur um „hagnýtan master“. Orðalagsbreytinga er þörf í reglum um undirskriftir nemenda og umsjónarkennara. Gengið verður frá þeim fyrir næsta fund og þær kynntar.

3. Önnur mál.

Sóknarfæri Háskólans á Hólum til 2030.

Rektor lagði fram sýn til framtíðar fyrir Háskólann á Hólum. Landslag íslensks háskólasamfélags er þannig að þrír skólanna eru tiltölulega stórir og fjórir minni. HH er næst minnstur. Sérstaða HH í samfélagi háskólanna er sérhæfing hans og öflug alþjóðleg tengsl. Nemendur og kennarar HH eru leiðandi afl í umræðum í sínum fræðigreinum. Háskólinn á Hólum er öflugt verkfæri sem getur og á að taka þátt í þróun samfélagsins.

Sjálfbærni.

HH á snertifleti við alla þætti heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna í sjálfbærni. Rektor kynnti niðurstöður starfsmanna í skilgreiningum á styrkleikum og tækifærum skólans, veikleikum og ógnunum. Sömuleiðis sérfræði/sérhæfingu hverrar deildar og möguleika til framtíðar litið. Bent var á að í umhverfisstefnu fyrir HH mætti setja fram ásetning um að stunda fjarfundi og fækka þannig ferðalögum á milli landa. Sömuleiðis mætti hvetja prófessora til að senda samstarfsfólk eða nemendur á málþing í stað þess að sækja þau sjálfir. Þannig mætti deila og styrkja tengsl í alþjóðasamfélagi háskólanna.

Rektor kynnti einnig hugmyndir um framtíðarsýn fyrir Menntasetrið Hóla, Hólastað og sumarskóla. Ýmislegt fleira var rætt áður en fundi var slitið.